

ÁKÆRA

RÍKISSAKSÓKNARI

gjörir kunnugt:

Að höfða ber opinbert mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Einari Benediktssyni, kennitala 060551-7319, Neströð 5, Seltjarnarnesi,
Geir Magnússyni, kennitala 110242-3529, Baugtanga 8, Reykjavík og
Kristni Björnssyni, kennitala 170450-3619, Fjólugötu 1, Reykjavík

fyrir brot gegn samkeppnislögum,
með því að hafa, á tímabilinu frá 1. mars 1993 til ársloka 2001, ákærði Geir sem forstjóri Olúfélagsins hf., ákærði Einar sem forstjóri Olúverzlunar Íslands hf. og ákærði Kristinn sem forstjóri Skeljungu hf., haft ólögmeitt samráð, ýmist sjálfir eða fyrir milligöngu undirmanna sinna, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, með innbyrðis samningum og samstilltum aðgerðum í tengslum við gerð tilboða og við sölu á vörum til viðskiptavina þeirra, með því að skipta milli félaganna mörkuðum, og við ákvörðun söluverðs, afsláttar, álagningar og viðskiptakjara, auk þess að skiptast á ýmsum upplýsingum um viðskipti þeirra og hegðun á markaði svo sem hér greinir:

I. Samráð við gerð tilboða

1. Útboð Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, Ríkiskaupa og Útgerðarfélagu Akureyringa 1996

Í tengslum við útboð:

- a. Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, nr. 96011/ISR, vegna kaupa á gasolíu, bensíni og steinolíu fyrir Strætisvagna Reykjavíkur, Malbikunarstöð Reykjavíkur og Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar með skilafrest tilboða til 1. ágúst 1996, sem lengdur var til 17. september 1996,
 - b. Ríkiskaupa, nr. 10474, vegna kaupa á gasolíu og smurolíum á skip og eldsneyti fyrir þyrlur og flugvél Landhelgisgæslunnar með skilafrest tilboða til 9. júlí 1996, sem lengdur var til 17. september 1996, og
 - c. Útgerðarfélagu Akureyringa vegna kaupa á smurolíum og olíuvörum fyrir félagið með skilafrest tilboða til 30. júlí 1996, sem lengdur var til 17. september 1996,
- höfðu Olúfélagið hf., Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu, með sér ólögmeitt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða við gerð tilboða og

ákvörðun verðs, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, þegar ákærðu funduðu 3., 17. og 22. júlí, 12. september og tvívegis 16. september 1996 og skiptust á upplýsingum um verð og útreikninga á framlegð, ýmist sjálfir eða fyrir milligöngu undirmanna sinna, og leituðust við að komast að samkomulagi um fyrirkomulag tilboða félaganna, en ákærðu komu sér saman um að tryggja Skeljung hf. viðskipti við Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar og Ríkiskaup með því að það félag byði lægst á útboðum þeirra gegn því að skila Olíuverzlun Íslands hf. og Olíufélaginu hf. hlutdeild í framlegð félagsins af sölnunni. Tilraunir ákærðu til að ná samkomulagi um verð sem skyldu boðin á útboði Útgerðarfélags Akureyrar, báru ekki árangur. Ríkiskaup fyrir hönd Landhelgisgæslunnar hafnaði að loknu útboðinu öllum tilboðum, en Reykjavíkurborg gekk til samninga við Skeljung hf. á grundvelli tilboðs félagsins.

2. Útboð dómsmálaráðuneytisins 1996

Í tengslum við útboð Ríkiskaupa nr. 10661 í október 1996 sem óskaði fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins eftir tilboðum í sölu á eldsneyti á ökutæki fyrir lögreglu og önnur embætti sem heyrðu undir dómsmálaráðuneytið, með skilafrest tilboða til 12. desember 1996, höfðu Olíufélagið hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna við gerð tilboða og ákvörðun verðs, þegar Þórólfur Árnason, starfsmaður Olíufélagsins hf., Jón Halldórsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., og Gunnar Karl Guðmundsson, starfsmaður Skeljungs hf., funduðu fyrir hönd félaganna 11. desember 1996, skiptust á upplýsingum um tilboðsverð, komu sér saman um hvaða verð hvert félag skyldi bjóða á útboðinu, að Olíufélagið hf. skyldi bjóða lægst og leituðu samninga um að Olíufélagið hf. skipti framlegð af viðskiptum félagsins í framhaldi af útboðinu með hinum félögum tveimur. Ríkiskaup höfnuðu öllum tilboðum að útboðinu loknu.

3. Útboð Vestmannaeyjabæjar 1997

Í tengslum við útboð bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar á öllum viðskiptum bæjarins og stofnana hans á eldsneyti, olíuvörum og öðrum vörum, þ.e. eldsneyti og olíuvörum fyrir bifreiðar, flotaolíu fyrir díselvélar, svartolíu og aðrar olíuvörur fyrir kyndistöð Bæjarveitna, svartolíu og flotaolíu ásamt öðrum olíuvörum fyrir Sorpeyðingu Vestmannaeyja, sem fram fór fyrri hluta árs 1996 með skilafrest tilboða til miðvikudagsins 23. apríl 1996, höfðu Olíufélagið hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, við gerð tilboða og ákvörðun verðs, með því að starfsmenn félaganna upplýstu hver annan um væntanleg tilboð félaganna, verð þau sem boðin yrðu og leituðu samninga um skiptingu framlegðar af viðskiptum félaganna við Vestmannaeyjabæ í framhaldi af útboðinu. Hafði þetta þær afleiðingar að tilboðsverð félaganna voru að mestu miðuð við verð í verðlistum þeirra án afsláttar.

4. *Útboð Íslenska álfélagsins hf. 1997*

Í tengslum við útboð Íslenska álfélagsins hf., ÍSAL, nr. 44285, sem óskaði í ágúst 1997 eftir tilboðum í sölu á svartolíu, gasolíu og bensíni til félagsins með skilafrest tilboða til 15. september 1997, höfðu Olúfélagið hf., Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna við gerð tilboða og ákvörðun verðs, þegar þeir sammæltust um tilboðsverð og ákváðu að viðhalda því fyrirkomulagi að Skeljungur hf. sæti eitt félag að viðskiptum við ÍSAL og byði í því skyni lægst á útboðinu gegn því að halda áfram að greiða hinum félögunum hlutdeild í framlegð af viðskiptum Skeljungs hf. við ÍSAL, en fyrirkomulag þetta var við lýði fram á árið 2001.

5. *Útboð Íslenska járnblendifélagsins hf. 2000*

Í tengslum við verðkönnun/útboð Íslenska járnblendifélagsins hf., sem óskaði 4. febrúar 2000 eftir tilboðum í sölu á gasolíu, bensíni, smurolíu og öðrum rekstrarvörum til félagsins, með skilafrest tilboða til 22. febrúar 2000, höfðu Olúfélagið hf., Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna við gerð tilboða og ákvörðun verðs, þegar þeir skiptust á upplýsingum og ræddu sjónarmið félaganna um tilboðsverð á útboðinu og að Olúverzlun Íslands hf. héldi viðskiptum við Íslenska járnblendifélagið hf. Olís fékk viðskiptin að útboðinu loknu. Samráð ákærðu átti sér meðal annars stað með því að:

- a. Ákærðu Einar og Kristinn ræddu 14. febrúar 2000 í síma um útboðið.
- b. Ákærðu Einar og Kristinn funduðu 16. febrúar 2000 og ræddu útboðið.
- c. Ákærðu funduðu allir 18. febrúar 2000 þar sem rædd voru í tengslum við útboðið ýmis uppgjörsmál vegna viðskipta við Íslenska járnblendifélagið og skipst á upplýsingum um væntanlega þátttöku í útboðinu.

II. **Markaðsskipting**

6. *Afgreiðsla flugvélaeldsneytis á Reykjavíkurlflugvelli*

Í tengslum við stofnun og rekstur rekstrarfélags um rekstur sameiginlegrar afgreiðslustöðvar fyrir flugvélaeldsneyti á Reykjavíkurlflugvelli, sem hlaut heitið Eldsneytisafgreiðslan á Reykjavíkurlflugvelli sf., og var í sameiginlegri eigu Skeljungs hf. og Olúverzlunar Íslands hf., höfðu félögin tvö, fyrir tilstilli ákærðu Einars og Kristins sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, þegar Hörður Helgason, starfsmaður Olúverzlunar Íslands hf., og Bjarni Snæbjörn Jónsson, starfsmaður Skeljungs hf., gerðu samkomulag dags. 28. apríl 1994 um að hefja viðræður með það að markmiði að öll sala á eldsneyti á Reykjavíkurlflugvelli yrði á einni hendi og að reynt yrði að tryggja „að það mynstur fastra viðskipta“ sem þá var á sölu flugvélaeldsneytis héldist og lauk þeim viðræðum með því að ákærðu Einar og Kristinn undirrituðu samning um fyrirkomulag rekstrarins dags. 31. mars 1995, þar sem kveðið var á um í viðauka nr. 2 við samninginn, sem dagsettur var sama dag, að sala til „erlendra

ósamningsbundinna viðskiptaaðila á Reykjavíkurlflugvelli“ yrði skipt að jöfnu milli félaganna og að þáverandi „föst og samningsbundin viðskipti“ hvors félags við innlenda viðskiptavini yrði „með óbreyttum hætti á gildistíma samningsins“. Samningurinn kvað einnig á um að skipting sölu „færi fram mánaðarlega í gegnum birgðir“ eins og fordæmi voru um í sambærilegum tilfellum. Samningurinn var með gildistíma til 31. desember 1998, en var framlengdur af ákærðu 30. apríl 1999 allt til 31. desember 2001, og var honum ætlað að tryggja markaðsskiptingu á sölu flugvélaeldsneytis á Reykjavíkurlflugvelli milli félaganna og koma í veg fyrir samkeppni þeirra á milli í þeim viðskiptum.

7. *Sala til erlendra skipa*

Í tengslum við sölu Olúfélagsins hf., Olúverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. á eldsneyti til erlendra skipa í íslenskum höfnum frá 1. maí 1993 til ársloka 2001, höfðu félögin, fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, þegar ákærðu fólu undirmönnum sínum að gera, fyrir hönd félaganna, samning dags. 30. júlí 1993 með tveggja ára gildistíma frá 1. maí 1993 að telja, sem undirritaður var af Bjarna Bjarnasyni, starfsmanni Olúfélagsins hf., Herði Helgasyni, starfsmanni Olúverzlunar Íslands hf., og Bjarna Snæbirni Jónssyni, starfsmanni Skeljungs hf., sem síðar var framlengdur með að mestu samhljóða samningi í framhaldi af fundum ákærðu 22. og 30. mars 1995 frá 1. maí 1995 að telja og giltu ákvæði samninganna sem samstarfsgrundvöllur félaganna í viðskiptum þeirra við erlend skip í íslenskum höfnum allt til ársloka 2001. Miðvikudaginn 27. mars 1996 funduðu Garðar Steindórsson, Þórólfur Árnason, starfsmenn Olúfélagsins hf., Jón Halldórsson, starfsmaður Olúverzlunar Íslands hf., og Þorsteinn Pétursson, starfsmaður Skeljungs hf., að undirlagi ákærðu, og ræddu tillögu Olúverzlunar Íslands hf. um viðbót við 1. gr. gildandi samkomulags. Með samningum þessum ákváðu ákærðu, auk þess sem lýst er í 18. tölulið ákæru, að skipta mörkuðum milli félaganna þannig að allri sölu þeirra til erlendra skipa skyldi „skipt mánaðarlega milli félaganna“ „eftir söluverðmæti í fjárhagsbókhalda en eftir magni í birgðabókhalda“ í þeim hlutföllum að Olúverzlun Íslands hf. fengi 30,5 %, Olúfélagið hf. 39,0 % og Skeljungur hf. 30,5 % af heildarsölunni. Félögin tilnefndu einn starfsmann hvert til að annast framkvæmd samningsins og skyldu þeir „hittast mánaðarlega og skiptast á umræddum sölutölum og kostnaði“ samkvæmt nánari skilgreiningum í samningnum. Uppgjör fór þannig fram að félögin jöfnuðu sölunni út sín á milli í samræmi við framangreindar prósentutölur með því að gera hverju öðru, mánaðarlega á framangreindu tímabili, ýmist debet- eða kreditreikninga fyrir þeim mismun á sölu undanfarandi mánaðar sem þurfti til að hvert félag fyrir sig næði framangreindum hundraðshluta í heildarsöluverðmæti allra félaganna til erlendra skipa.

8. *Samráð um skiptingu markaða eftir svæðum*

Á tímabilinu frá 21. febrúar 1995 til 13. júlí 1999 höfðu Olúfélagið hf., Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf. fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, þegar þeir

leituðust við og komu sér saman um skiptingu markaðssvæða með því að félögin skiptust á að loka eldsneytisafgreiðslustöðvum sínum og/eða selja hverju öðru rekstur hinna þannig að viðskiptin í tilgreindum kaupstað, kauptúni eða á tilgreindum svæðum, yrðu á hendi eins félags í stað fleiri, eða þeirra saman, auk þess sem félögin höfðu samráð um að loka og fækka afgreiðslustöðum, á tilgreindum svæðum svo sem hér greinir:

a. Þriðjudaginn 21. febrúar 1995 ritaði Thomas Möller starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf. bréf til Þórólfs Árnasonar og Knúts Haukssonar, starfsmanna Olúfélagsins hf., en bréfið sem bar yfirskriftina „Mögulegt samstarf til sparnaðar hjá Olúfélaginu og Olís“, var liður í ólögum samráði félaganna um skiptingu markaða, en í bréfinu voru settar fram tillögur um sparnað í 13 liðum, meðal annars með því að:

1. lagt var til að félögin héldu áfram samrekstri á bensínstöð á Flúðum,
2. lagt var til að Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf. hættu sameiginlegum rekstri bensínstöðvar á Þórshöfn í samkeppni við Olúfélagið hf. og leituðu samkomulags um sameiginlegan rekstur þeirra þriggja,
3. lýst var áhuga á að fækka bensínstöðvum á Barðaströnd,

b. Þriðjudaginn 21. febrúar 1995 ritaði Thomas Möller, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., bréf til Bjarna Snæbjörns Jónssonar og Þóris Harldssonar, starfsmanna Skeljungs hf., en bréfið sem bar yfirskriftina „Mögulegt samstarf til sparnaðar hjá Skeljungi og Olís“, var liður í ólögum samráði félaganna um skiptingu markaða, en í bréfinu voru settar fram tillögur um sparnað í 18 liðum, meðal annars með því að:

1. lagt var til að félögin sameinuðu rekstur sinn á svæðinu Hella – Hvolsvöllur, með samstarfi þeirra um að reisa eina þjónustumiðstöð og leggja niður þrjár bensínstöðvar félaganna,
2. lýst var vilja til að félögin tækju upp þráðinn varðandi rekstur sameignilegrar þjónustumiðstöðvar á Höfn í Hornafirði í þáverandi stöð Skeljungs hf. undir rekstarstjórn Olíuverzlunar Íslands hf.,
3. lagt var til að félögin hættu sameiginlegum rekstri á Þórshöfn og leituðu samstarfs við Olúfélagið hf.
4. lýst var vilja til að félögin tækju upp þráðinn um hugsanlega sameiginlega fjárfestingu í bensínstöð á Sauðárkróki,
5. lýst var áhuga á að fækka bensínstöðvum á Barðaströnd,
6. lýst var vilja til að ljúka uppsetningu sameiginlegrar lykladælu á Reykjavíkurhöfn,
7. lýst var vilja Olíuverzlunar Íslands hf. til að ræða tillögur Skeljungs hf. um að Skeljungur hf. eignaðist og ræki eldsneytisafgreiðslur á Suðurströnd og Sandgerði og Olíuverzlun Íslands hf. eignaðist og ræki eldsneytisafgreiðslur á Langatanga og Básam.

c. Miðvikudaginn 3. maí 1995 funduðu Þórólfur Árnason og Thomas Möller, starfsmenn Olúfélagsins hf. og Olíuverzlunar Íslands hf., ræddu og komust meðal annars að niðurstöðu um:

1. óskir „hreppstjórans“ á Flúðum um að félögin auk Skeljungs hf. byggðu þjónustumiðstöð við Hvítá og komu sér saman um að félögin byðu „eina tegund af bensíni og diesel með tönkum og inniborði og plani í kringum dælnar“ en að félögin neituðu að byggja þjónustumiðstöðina, en ella fengi Skeljungur „dæmið til sín“,

2. tillögu um að „Búðardalur og Þórshöfn yrðu lögð niður gegn því að Esso færi frá Neskaupstað og Reyðarfirði“.
- d. Þriðjudaginn 23. maí 1995 ritaði Thomas Möller, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., minnisblað til Þórólfs Árnasonar og Bjarna Snæbjörns Jónssonar, starfsmanna hinna félaganna tveggja, sem bar yfirskriftina „Aukið hagræði í bensínsölu, hugsanlegir hagræðingarmöguleikar“ þar sem hann setti meðal annars fram eftirfarandi tillögur Olíuverzlunar Íslands hf:
1. „Þriggja félagastaðir í Búðardal eða Esso með eina stöð og Olís/Shell hættarekstri.“
 2. „Hvert félag leggi niður eina stöð á Barðaströnd. Olís hætti rekstri á Bæ í Reykhólasveit, Esso hætti stöð X og Shell hætti stöð Y.“
 3. „Esso leggi niður sína stöð á Vopnafirði. Shell verði einn á staðnum. Hugsanlega þriggja stöðva stöð.“
 4. „Shell og Esso hætti rekstri stöðvar sinnar á Dalvík, núverandi Olísstöð verði rekin sem þriggja félagastaðir eða Olís verði eitt á staðnum.“,
 5. „Mývatn – Olís og Shell loki sinni stöð, Esso verði eitt á staðnum eða þriggja félagastaðir.“
 6. „Þórshöfn á Langanesi. Olís og Shell loki sinni stöð, Esso reki eina stöð á staðnum eða ein þriggja félagastaðir.“
 7. „Neskaupstaður – Olís og Esso leggi niður sínar stöðvar, Olís kaupi Shell stöðina og reki hana. Einnig hugsanlegt ein þriggja félagastaðir á staðnum.“
 8. „Reyðarfjörður – Esso loki sinni stöð, Shell og Olís haldi áfram rekstri.“
 9. „Olís/Esso leggi til dætur og inniborð á nýrri stöð á Flúðum.“
- Föstudaginn 26. maí 1995 svaraði Bjarni Snæbjörn Jónsson framangreindum tillögum Thomasar með tölvupósti til Thomasar og Þórólfs og lýsti afstöðu sinni fyrir hönd Skeljungs hf. til hvers framangreindra 9 tölulíða.
- e. Miðvikudaginn 14. júní 1995 gerðu Skeljungur hf. og Olíuverzlun Íslands hf. með sér samning „um eignaskipti á Neskaupsstað“ byggðan á tillögum í 7. tölulíð í minnisblaði Thomasar Möller frá 23. maí 1995, þar sem Skeljungur hf. skuldbatt sig til að „hætta rekstri bensínstöðvar með tilheyrandi rekstri á Neskaupstað í a.m.k. tíu ár“ jafnframt því að lýsa yfir að „félagið muni ekki selja eldsneyti til þriðja aðila á Neskaupstað sem ætlað væri til endursölu á bifreiðar“. Skeljungur hf. seldi og afsalaði Olíuverzlun Íslands hf. aðstöðu sína til bensín- og veitingasölu að Hafnarbraut 19, Neskaupstað, 4. desember 1995, í samræmi við tillögur í 7. tölulíð í framangreindum tillögum, og yfirtók eignir Olíuverzlunar Íslands hf. að Strandgötu 14, Neskaupstað.
- f. Á tímabilinu frá ágúst 1995 til 16. febrúar 1996, áttu Þórólfur Árnason, starfsmaður Olíufélagsins hf., Thomas Möller, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., Bjarni Snæbjörn Jónsson og Margrét Guðmundsdóttir, starfsmenn Skeljungs hf., samskipti fyrir hönd félaganna, þar sem þau leituðu samkomulags um skiptingu markaðssvæða milli félaganna um rekstur bensínstöðva í Búðardal, Dalvík, Eskifirði, Grindavík, Hvolsvelli, Mývatni, Neskaupstað, Reyðarfirði, Seyðisfirði, Vopnafirði og Þórshöfn, en samskipti félaganna fóru meðal annars fram með því að:
1. síðarihluta ágústmánaðar 1995 áttu Þórólfur Árnason og Thomas Möller viðræður sem leiddu til þess að gerðar voru tillögur 28. ágúst, eða fyrr, um skiptingu

- markaða milli félaganna þriggja á öllum framangreindum stöðum, nema á Eskifirði og Grindavík, þar sem settar voru fram tillögur um hvaða félög rækju bensínstöð á tilgreindum stöðum og hver hættu rekstri sínum þar,
2. mánudaginn 9. október 1995 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Bjarni Snæbjörn Jónsson og ræddu samkeppnismálefni félaganna, meðal annars að skipta markaðssvæðum bensínstöðva milli félaganna,
 3. þriðjudaginn 17. október 1995 sendi Þórólfur Árnason Thomasi Möller bréf með yfirskriftinni „breytingar á bensínstöðvum ESSO/OLÍS/SHELL“ þar sem gerðar voru breytingar á tillögum sem komið höfðu fram í viðræðum þeirra í ágústmánuði, þannig að viðskiptum á Dalvík og Hvolsvelli yrði ekki skipt en til viðbótar markaðsskiptingu í Búðardal, Mývatni, Neskaupstað, Reyðarfirði, Seyðisfirði, Vopnafirði og Þórshöfn, kæmi til markaðsskiptingar á Eskifirði,
 4. fimmtudaginn 11. janúar 1996 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Margrét Guðmundsdóttir og ræddu framkomnar tillögur um markaðsskiptingu þar sem fram kom það skilyrði Skeljungs hf. að ekki væri fallist á að skipta viðskiptum á Vopnafirði og að Skeljungur hf. krefðist þess að hin félögin tvö gæfu yfirlýsingu um að hefja ekki rekstur bensínstöðva í Grindavík fyrr en eftir næstu aldamót þar á eftir, eða í fimm ár, og gerðu fulltrúar félaganna tillögu að samkomulagi sem síðar var samþykkt, sbr. g. lið hér á eftir,
 5. fimmtudaginn 18. janúar 1996 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Margrét Guðmundsdóttir um nokkur samkeppnismál félaganna meðal annars um framangreindar tillögur sem þeir tveir fyrrnefndu voru tilbúnir að undirrita, en Margrét áréttaði fyrirvara um skiptingu í Grindavík,
 6. fimmtudaginn 15. febrúar 1996 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Margrét Guðmundsdóttir og ákváðu að samkomulag félaganna um skiptingu markaðssvæða skyldi undirritað 21. febrúar 1996 eða samningaviðræðum um hana hætt,
 7. föstudaginn 16. febrúar 1996 sendi Margrét Guðmundsdóttir þeim Þórólfi Árnasyni og Thomasi Möller tölvupóst þar sem hún lýsti því yfir að hún væri tilbúin að ganga að samkomulaginu „um þær bensínstöðvar sem við höfum rætt um að undanfögnu með Grindavík inni eins og Olís leggur áherslu á“.
- g. Miðvikudaginn 21. febrúar 1996 gerðu félögin þrjú með sér samning sem undirritaður var af Þórólfi Árnasyni fyrir hönd Olúfélagsins hf., Thomasi Möller fyrir hönd Olúuverzlunar Íslands hf. og Margréti Guðmundsdóttur fyrir hönd Skeljungs hf., um að skipta markaðssvæðum milli félaganna þannig að hin tvö síðastnefndu hættu bensínafgreiðslu í Búðardal, á Mývatni, Þórshöfn og Hvolsvelli og eftirlétu Olúfélaginu hf. rekstur bensínsölu á þessum stöðum gegn því að Olúfélagið hf. hætti bensínsölu á Seyðisfirði, Eskifirði, Neskaupstað, og Reyðarfirði, þar sem Skeljungur hf. sæti eitt að sölu bensíns á tveimur fyrrnefndu stöðunum, Olúuverzlun Íslands hf. sæti eitt að bensínsölu á Neskaupstað og síðastnefndu félögin tvö héldu áfram bensínsölu á Reyðarfirði, auk þess að semja um markaðsskiptingu í Grindavík, svo sem nánar er lýst í 9. tölulið.
- h. Þriðjudaginn 13. júlí 1999 gerðu Olúuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf. með sér samning, sem undirritaður var af Thomasi Möller fyrir hönd Olúuverzlunar Íslands hf. og Margréti Guðmundsdóttur fyrir hönd Skeljungs hf., sem kvað á um í 1. gr. að

félögin skiptu til helminga milli sín eldsneytissölu á Ólafsfirði og sameinuðust um rekstur einnar sameiginlegrar bensínstöðvar frá 1. ágúst s.á., í stað tveggja, með því að Olíuverzlun Íslands hf. keypti helming í bensínstöð Skeljungs hf. að Bylgjubýggð 1 a, Ólafsfirði, og lokaði þáverandi bensínstöð sinni á staðnum.

9. Markaðsskipting í Grindavík

Miðvikudaginn 21. febrúar 1996 höfðu Olíufélagið hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., með sér ólöglegt samráð með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, þegar þau gerðu samning fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, sem undirritað var af Þórólfi Árnasyni fyrir hönd Olíufélagsins hf., Thomasi Möller fyrir hönd Olíuverzlunar Íslands hf. og Margréti Guðmundsdóttur fyrir hönd Skeljungs hf., um að skipta markaðssvæðum milli félaganna, svo sem lýst er í 8. tölulið, staflið g, en jafnframt því skuldbundu Olíufélagið hf. og Skeljungur hf. sig til að opna ekki bensínstölu í Grindavík, a.m.k. næstu fimm árin eða til 21. febrúar 2001, þannig að Olíuverzlun Íslands hf. sæti eitt féлага að bensínstölnni í Grindavík.

Samhliða framangreindu samkomulagi 21. febrúar 1996 gerðu félögin þrjú, fyrir tilstilli ákærðu og í því skyni sem lýst er að framan, með sér munnlegt „heiðursmannasamkomulag“ um að Olíufélagið hf. og Olíuverzlun Íslands hf. létu vera að eiga viðskipti við þáverandi viðskiptavini Skeljungs hf. í Grindavík, og skyldi samkomulagið standa til 21. febrúar 2001

10. Markaðsskipting á Ísafirði

Á tímabilinu frá 1. mars 1993 til ársbyrjunar 1997 höfðu Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf. með sér ólöglegt samráð með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, fyrir tilstilli ákærðu Einars og Kristins sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, þegar félögin gerðu með sér samninga og höfðu uppi samstilltar aðgerðir um að skipta mörkuðum milli félaganna við sölu á smurolíu og fljótandi eldsneyti til viðskiptavina sinna á Ísafirði. Skiptingin fór þannig fram að félögin skiptu til jafns milli sín allri sölu á framangreindum vörum sem Olíufélag útvegsmanna hf. á Ísafirði annaðist afgreiðslu á fyrir þeirra hönd til viðskiptavina þeirra, innheimti söluandvirðið og greiddi þeim andvirði sölunnar í réttum hlutföllum.

Á tímabilinu frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2001 höfðu framangreind félög með sér ólöglegt samráð um markaðsskiptingu, svo sem lýst er að framan, en skiptu þá milli félaganna sölu til einstakra stærri viðskiptavina sinna á Ísafirði í samræmi við samnings sem þau gerðu í byrjun árs 1997, og innheimtu sjálf sölu til þessara stærri samningsbundinna viðskiptavina sinna, en sölu til allra smærri viðskiptavina var skipt jafnt milli félaganna fyrir milligöngu Olíufélags útvegsmanna hf. eins og lýst er að framan.

11. Markaðsskipting í Stykkishólmi

Á tímabilinu frá 1. mars 1993 til ársloka 2001 höfðu Olíufélagið hf. og Olíuverzlun Íslands hf. með sér ólöglegt samráð með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg

fyrir samkeppni milli félaganna, fyrir tilstilli ákærðu Geirs og Einars sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, þegar félögin gerðu samning og fylgdu honum og höfðu uppi samstilltar aðgerðir um að skipta mörkuðum til jafns milli félaganna við sölu á gasolíu og flotaolíu (skipagasolíu) til viðskiptavina þeirra í Stykkishólmi. Skiptingin var með þeim hætti að fyrrihluta framangreinds tímabils skiptist öll sala á þessum vörum til jafns milli félaganna með þeim hætti að sameiginlegur umboðsmaður þeirra í Stykkishólmi annaðist afgreiðsluna fyrir þeirra hönd frá sameiginlegri birgðastöð félaganna og gaf út reikninga til til viðskiptavina þeirra vegna sölunnar. Félögin tvö gáfu síðan út reikninga til umboðsmannsins hvort fyrir sínum hluta í sölunni, en frá síðarihelmingi 1997 var afgreiðslunni breytt þannig að tilteknir viðskiptavinir félaganna fóru í bein viðskipti við þau, en sala til annarra viðskiptavina var áfram frá sameiginlegri birgðastöð félaganna og annaðist Olíudreifing ehf., sem var í sameiginlegri eigu félaganna tveggja, afgreiðsluna, en sölu félaganna var þó áfram skipt til helminga milli þeirra.

12. Markaðsskipting á Raufarhöfn

Á tímabilinu frá 1. mars 1993 til ársloka 2001 höfðu Olíufélagið hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., með sér ólöglegt samráð, fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna um sölu gasolíu á Raufarhöfn, þegar þau unnu eftir og viðhéldu eldri samningi, höfðu uppi samstilltar aðgerðir um, að skipta í jöfnum hlutföllum á milli félaganna allri sölu þeirra á gasolíu á Raufarhöfn, auk þess að skipta á sama tímabili sölu þeirra á svartolíu til SR-mjöls hf. eins og lýst er í 13. tölulið. Afgreiðsla gasolíu var á hendi sameiginlegs umboðsmanns félaganna þriggja, undir umsjón Skeljungs hf., sem afgreiddi olíuna úr sameiginlegri birgðastöð þeirra fram til ársbyrjunar 1999 þegar Olíudreifing ehf. tók yfir olíudreifingu fyrir félögin þrjú á staðnum, og gaf Skeljungur hf. út sölureikninga til viðskiptavinanna, en skipti síðan sölunni milli félaganna með því að gefa út kreditreikninga til hinna fyrir þeirra hlut að teknu tilliti til kostnaðar af sölunni og gerðu félögin jafnframt tilheyrandi færslur í fjárhagsbókhaldi og birgðabókhaldi.

Á tímabilinu frá 1. mars 1993 til ársloka 1999 höfðu Olíufélagið hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf. ólöglegt samráð, fyrir tilstilli ákærðu og í því skyni sem að framan greinir, þegar þau skiptu til jafns milli sín sölu á allri gasolíu til útgerðarfélagsins Jökuls hf. til nota á skipum þess. Skiptingin fór þannig fram að Olíuverzlun Íslands hf. hafði umsjón með sölunni og gaf út sölureikninga til Jökuls hf., en skipti síðan sölunni milli félaganna með því að gefa út kreditreikninga til hinna fyrir þeirra hlut að teknu tilliti til kostnaðar af sölunni og gerðu félögin jafnframt tilheyrandi færslur í fjárhagsbókhaldi og birgðabókhaldi, en olían var afgreidd frá sameiginlegri birgðastöð félaganna á Raufarhöfn.

13. Markaðsskipting vegna sölu til SR-mjöls hf.

Frá 1. febrúar 1994 til ársloka 2001 höfðu Olíufélagið hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., með sér ólöglegt samráð, fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni

milli félaganna um sölu á svartolíu til SR-mjöls hf. þegar félögin gerðu samning, sem tók gildi 1. febrúar 1994, sem þau unnu eftir framangreint tímabil, og var um markaðsskiptingu á allri sölu félaganna á svartolíu til SR-mjöls hf. þannig að Olúfélagið hf. hlaut 20 % en hin félögin tvö 40 % hvort af heildartekjum af sölu svartolíu og greiddu kostnað af sölnni í sömu hlutföllum vegna sölu til verksmiðja SR-mjöls hf. á Raufarhöfn, Reyðarfirði, Siglufirði og Seyðisfirði, auk verksmiðju félagsins í Helguvík frá febrúar 1997, en þeim tveimur fyrst nefndu var lokað fyrri hluta árs 1999.

Frá 1. október 1995 var í gildi skriflegur samningur milli félaganna þriggja og SR-mjöls hf., sem dagsettur var 1. október 1996, um viðskipti félaganna við SR-mjöl hf. sem undirritaður var af Þórólfi Árnasyni fyrir hönd Olúfélagsins hf., Thomasi Möller fyrir hönd Olúverzlunar Íslands hf. og Gunnari Karli Guðmundssyni fyrir hönd Skeljungs hf. og tiltók verð og afslátt á svartolíu til SR-mjöls hf. auk þess að kveða á um að afgreiðsla svartolíu til verksmiðja SR-mjöls hf. í Helguvík og á Raufarhöfn sem skyldi vera á hendi Olúfélagsins hf., á Reyðarfirði og Siglufirði á hendi Olúverzlunar Íslands hf. og á Seyðisfirði á hendi Skeljungs hf., svo sem verið hafði fram að þeim tíma að öðru leyti en því að Skeljungur hf. annaðist afgreiðslu til verksmiðjunnar á Raufarhöfn. Samhliða þessum samningi gildi samkomulag félaganna frá ársbyrjun 1994 um hlutfallslega skiptingu sölnnar og að skiptingin skyldi fara þannig fram að það félag sem annaðist afgreiðslu á hverjum framangreindra staða gæfi út reikning vegna sölnnar til SR-mjöls hf., en skipti sölnni milli félaganna í umsömdum hlutföllum með því að gefa út kreditreikninga til hinna fyrir þeirra hlut að teknu tilliti til kostnaðar af sölnni og gerðu félögin jafnframt tilheyrandi færslur í fjárhagsbókhaldi og birgðabókhaldi. Kostnaði félaganna af sölnni var skipt í sömu hlutföllum og að framan getur samkvæmt samningi félaganna dags. 7. október 1996, sem undirritaður var af framangreindum starfsmönnum félaganna.

14. Markaðsskipting vegna sölu til Sérleyfis- og hópferðabíla Keflavíkur og áhaldahúss Keflavíkur.

Á tímabilinu frá 1. mars 1993 til ársloka 2001 höfðu Olúfélagið hf. og Skeljungur hf., með sér ólögmaðtt samráð, fyrir tilstilli ákærðu Geirs og Kristins sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna um sölu á gasolíu til Sérleyfis- og hópferðabíla Keflavíkur (SBK) og áhaldahúss Keflavíkur þegar þau unnu eftir og viðhéldu eldri samningi frá 1960 og höfðu uppi samstilltar aðgerðir, um að skipta til helminga á milli félaganna allri sölu þeirra til þessara tveggja viðskiptavina sinna. Skiptingin fór þannig fram að Olúfélagið hf. annaðist sölu til SBK, en Skeljungur hf. til áhaldahúss Keflavíkur, en félögin skiptu síðan sölu sinni til helminga með hinu, þannig að Olúfélagið hf. fékk helming af sölu Skeljungs hf. til áhaldahúss Keflavíkur og Skeljungur helming af sölu Olúfélagsins hf. til SBK, en uppgjör milli félaganna fór fram með því að Olúfélagið hf. gaf út kreditreikninga til Skeljungs hf. fyrir helmings hlut í sölnni til SBK að teknu tilliti til kostnaðar við hana og Skeljungur hf. gerði það sama gagnvart Olúfélaginu hf. vegna sölu félagsins til áhaldahúss Keflavíkur og gerðu félögin jafnframt tilheyrandi færslur í fjárhagsbókhaldi og birgðabókhaldi.

15. Markaðsskipting vegna viðskipta við Íslenska álfélagið hf.

Á tímabilinu frá 1. mars 1993 til ágúst 2001 höfðu Olúfélagið hf., Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., með sér ólöglegt samráð, fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna um sölu á svartolíu, gasolíu og bensíni til Íslenska álfélagsins hf., (ÍSAL) í Straumsvík, þegar þau unnu eftir og viðhéldu eldri samningi sem gerður var á fundi fulltrúa félaganna 4. september 1969 og höfðu uppi samstilltar aðgerðir, um að skipta í jöfnum hlutföllum á milli félaganna allri sölu þeirra á fljótandi eldsneyti til ÍSAL. ÍSAL var í viðskiptum við Skeljung hf., sem afhenti eldsneytið og gaf út reikninga á ÍSAL vegna sölunnar, en félögin skiptu síðan söluverði og kostnaði af sölnni milli sín til jafns með því að Skeljungur hf. gaf reglulega út kreditreikning á hin félögin fyrir þeirra hlut í sölnni til ÍSAL að teknu tilliti til kostnaðar og gerðu félögin jafnframt tilheyrandi færslur í fjárhagsbókhaldi og birgðabókhaldi.

16. Markaðsskipting vegna viðskipta við Kísiliðjuna við Mývatn

Á tímabilinu frá 1. mars 1993 til ágúst 2001 höfðu Olúfélagið hf., Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., með sér ólöglegt samráð, fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna um sölu á svartolíu til Kísiliðjunnar við Mývatn, þegar þau unnu eftir og viðhéldu eldra samkomulagi sem gert var á fundi fulltrúa félaganna 27. apríl 1967 og höfðu uppi samstilltar aðgerðir, um að skipta í jöfnum hlutföllum á milli félaganna allri sölu þeirra á svartolíu til Kísiliðjunnar. Kísiliðjan var í viðskiptum við Olúfélagið hf., sem afhenti eldsneytið og gaf út reikninga á Kísiliðjuna vegna sölunnar, en félögin skiptu síðan söluverði og kostnaði af sölnni milli sín til jafns með því að Olúfélagið hf. gaf reglulega út kreditreikninga á hin félögin fyrir þeirra hlut í sölnni til Kísiliðjunnar og gerðu félögin jafnframt tilheyrandi færslur í fjárhagsbókhaldi og birgðabókhaldi.

17. Markaðsskipting vegna viðskipta við fyrirtæki Reykjavíkurborgar

Frá árinu 1996 fram á árið 2001 höfðu Olúfélagið hf., Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., með sér ólöglegt samráð, fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna þegar þeir gerðu, í tengslum við útboð Reykjavíkurborgar sem þeir skiluðu tilboðum vegna 17. september 1996, sbr. 1. tölulið, samkomulag um að skipta milli félaganna framlegð þeirra af viðskiptum Skeljungs hf. við Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar, Strætisvagna Reykjavíkur og Malbikunarstöð Reykjavíkur. Skeljungur hf. gerði 10. mars 1998 upp við hin félögin þeirra hlut í framlegð af sölnni árin 1996 og 1997 og greiddi þeim vegna sölu árið 1996 kr. 1,31 af hverjum seldum lítra af díselolíu, kr. 1,97 af hverjum seldum lítra af bensíni og steinolú en vegna sölu árið 1997 kr. 1,33 af hverjum seldum lítra af bensíni og kr. 2,01 af hverjum seldum lítra af bensíni og steinolú auk virðisaukaskatts, og nam heildargreiðslan kr. 9.058.178. Umrætt samkomulag var í gildi fram á árið 2001 en var ekki efnt frekar af félögunum.

III. Samráð um ákvörðun verðs á söluvörum, afsláttar, álagningar og viðskiptakjara

18. Sala til erlendra skipa

Í tengslum við sölu Olúfélagsins hf., Olúverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. á eldsneyti til erlendra skipa í íslenskum höfnum frá 1. maí 1993 til ársloka 2001, létu ákærðu eins og lýst er í 7. tölulið, félögin gera samninga með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, um sölu þeirra til erlendra skipa, sem jafnframt því sem lýst er að framan bar með sér sameiginlega og samkeppnishamlandi ákvörðun um:

- a. Söluverð eldsneytisins til erlendra skipa sem skyldi byggja „á gildandi útsöluverði hér á landi hverju sinni umreiknað til viðkomandi gjaldmiðils á kaupgengi afgreiðsludags“ og kvað samningurinn á um hvernig reikna skyldi verð út þegar þau væru gefin upp sem verð á tonni og verð á svartolíu skyldu gefin út miðað við tonn, „í samræmi við útsöluverð hverju sinni“ og að vikulega skyldi gefa út verð í DKK, NOK og USD, og fleiri gjaldmiðlum ef þörf krefði, auk þess sem í samningnum var kveðið á um endurskoðun verðs vegna breytinga á útsöluverði og gengisskráningu og að skipting sölunnar færi fram „á grundvelli útsöluverðs í íslenskum krónum hverju sinni og ber hver aðili um sig gengisáhættuna“.
- b. Greiðslukjör félaganna til erlendra skipa þannig að miðað skyldi við „að greiðslur fari fram eigi síðar en 30 dögum eftir afgreiðslu“, jafnframt ákvæðum um að hver aðili bæri áhættu af útistandandi skuldum og að félögin skyldu krefjast bankaábyrgðar við sölu á greiðslufresti nema önnur gild trygging lægi fyrir.
- c. Afgreiðslugjald sem skyldi vera kr., 0,40 á lítra, sem breytast skyldi í samræmi við byggingarvísitölu, og innheimtast í lok hvers mánaðar.
- d. Afslætti og að þeir yrðu ekki gefnir utan tilgreindra viðskipta samkvæmt tímabundnum samningum sem þá voru í gildi milli félaganna og tilgreindra erlendra aðila, en í þeim tilfellum sem utanaðkomandi samkeppni kallaði á að einhvert félaganna gæfi afslátt skyldi slíkt rætt milli starfsmanna félaganna og „ákvörðun um það tekin sérstaklega“.

19. Samráð um verðlagningu og sölu á fljótandi eldsneyti og öðrum olúvörum

Á tímabilinu frá 10. ágúst 1994 til 1. nóvember 2000 höfðu Olúfélagið hf., Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, þegar ákærðu og starfsmenn félaganna funduðu og áttu önnur samskipti þar sem þeir ráðfærðu sig og skiptust á upplýsingum um rekstur félaganna og fyrirætlanir á markaði, skiptust á skoðunum á ýmsum hagsmunamálum tengdum rekstri félaganna svo sem verðlagningu, viðskiptakjörum, afsláttum og álagningu félaganna á bensíni, gasolíu, steinolú, smurolú, álagningu gjalda á viðskiptavini félaganna og verðlagningu á öðrum söluvörum þeirra og komust að sameiginlegum niðurstöðum um verðlagningu og hegðun félaganna á markaði á framangreindu tímabili í tengslum við ákvörðun verðs, afsláttar og álagningar. Samráð þetta fór meðal annars fram sem hér greinir:

- a. Miðvikudaginn 10. ágúst 1994 funduðu Þórólfur Árnason, starfsmaður

Olúfélagsins hf., Kristján B. Ólafsson, starfsmaður Olúverzlunar Íslands hf., og Gunnar Karl Guðmundsson, starfsmaður Skeljungs hf., og skiptust á skoðunum og kynntu niðurstöður sínar um þörf á verðbreytingum og komust að sameiginlegri niðurstöðu um hækkun á bensínverði hjá félögunum sem skyldi hækka um allt að 3 kr., auk þess að ræða verðlagningu á gasolíu til Jökuls hf. Raufarhöfn vegna skipsins Rauðanúps. Á næsta verðbreytingardegi sem var 18. ágúst s.á. hækkaði verð á 92, 95, og 98, oktana bensíni um 2 krónur á lítra hjá öllum félögunum.

- b. Þriðjudaginn 3. janúar 1995 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Margrét Guðmundsdóttir, starfsmenn félaganna, og skiptust á skoðunum og kynntu niðurstöður sínar um þörf á verðbreytingum og komust að sameiginlegri niðurstöðu um, og ræddu verðákvörðun á 92 oktana bensíni, ræddu sölu á 98 oktana blýbensíni, ræddu sameiginlega hagsmuni félaganna af því að Bílanaust hætti sölu á smurolíum og hvort leita ætti eftir að sölunni yrði hætt. Á næsta verðbreytingardegi sem var 19. janúar 1995 lækkaði verð á 92 oktana bensíni hjá öllum félögunum.
- c. Miðvikudaginn 22. mars 1995 funduðu ákærðu og komu sér saman um að undirmenn þeirra Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Bjarni Snæbjörn Jónsson auk annarra samstarfsmanna þeirra, funduðu reglulega og ræddu fyrirkomulag og verðmyndun á gasolíu til landnotkunar, en með þessu settu ákærðu upp samráðsvettvang félaganna til að vinna gegn samkeppni þeirra á milli um sölu á vöru þessari.
- d. Þriðjudaginn 9. maí 1995 ritaði Þórólfur Árnason fyrir hönd Olúfélagsins bréf til hinna félaganna tveggja sem svarað var með bréfi Thomasar Möller fyrir hönd Olúverzlunar Íslands hf. dags. 24. maí 1995 og með tölvupósti Bjarna Snæbjörns Jónssonar fyrir hönd Skeljungs hf. dags. 27. maí 1995 til hinna tveggja, þar sem þeir skiptust á skoðunum um hvernig best væri að haga móttöku úrgangsolíu, hvort Uppdæling hf., sem annaðist slíka móttöku, neitaði að taka við úrgangsolíu frá fyrirtækjum sem voru viðskiptavinir annarra seljenda smurolíu, en félaganna þriggja, og frá þeim sem fluttu hana inn sjálfir, og gjaldtöku félaganna vegna slíkrar móttöku, en samráð ákærðu hafði það að markmiði að vinna gegn sölu á smurolíu frá öðrum en félögum ákærðu, þar á meðal Bílanaust hf., og draga þannig úr samkeppni.
- e. Föstudaginn 17. nóvember 1995 funduðu ákærðu og ræddu ýmist samstarf félaganna þar á meðal um að hætta innflutningi á 92 og 98 oktana blýbensíni og upplýstu hvorir aðra um að sala á blýbensíni hefði dregist saman um 17 – 20 %. Varð ákærðu að samkomulagi að „félögin hefðu samninga fyrir 1996 valkvæða þannig að hægt sé að flytja aðeins inn 95 okt bensín og 98 okt blýlaust“. Ákærðu ákváðu að félögin yrðu samstíga við að innleiða þessar breytingar.
- f. Fimmtudaginn 18. janúar 1996 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Margrét Guðmundsdóttir, starfsmenn félaganna um „Bensínstöðvamál o.f.“ og skiptust á skoðunum um og kynntu niðurstöður sínar um þörf á verðbreytingum og komust að sameiginlegri niðurstöðu um meðal annars verðlagningu á 95 oktana bensíni vegna verðbreytingar 1. febrúar sama ár og stefndu að því að lækka verð þess um 1,00 – 1,20 kr., auk þess sem rædd voru málefni tengd sölu á blýbensíni. Ákváðu starfsmenn félaganna að hittast aftur á fundi 25. janúar sama

- ár. Verð á 95 oktana bensíni lækkaði hjá öllum félögum 1. febrúar 1996 um 0,60 kr. Sbr einnig 8. tölulið, staflíð f, nr. 5.
- g. Þriðjudaginn 13. febrúar 1996 funduðu Magnús Ásgeirsson, starfsmaður Olúfélagsins hf., Jón Ólafur Halldórsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., og Gunnar Karl Guðmundsson, starfsmaður Skeljungs hf., ræddu, skiptust á skoðunum og upplýsingum um sölu á 98 oktana blýbensíni, birgðastöðu þess og væntanlega framkvæmd á ákvörðun ákærðu um að félögin hættu sölu þess og hæfu sölu á 98 oktana blýlausu bensíni í staðinn og kynningu þeirrar ákvörðunar í fjölmiðlum. Ákváðu þeir að hittast aftur 20. febrúar 1996.
 - h. Fimmtudaginn 31. október 1996 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Friðrik Þ. Stefánsson, starfsmenn félaganna, ræddu, skiptust á skoðunum og upplýsingum um viðskipti félaganna með eldsneyti, svo sem „sölutölur“, „viðskiptakort“, „dælur“ og „afsláttarmál“ til viðskiptamanna félaganna.
 - i. Mánudaginn 13. janúar 1997 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Friðrik Þ. Stefánsson, starfsmenn félaganna ræddu, skiptust á skoðunum og upplýsingum um meðal annars „kortaafslátt“ til stórra viðskiptavina félaganna, afsláttarverð á gasolíu upptöku afgreiðslugjalda á dýrari afgreiðslur, framlegð félaganna af sölu smurolíu og viðbrögð félaganna við sölu Bílanaustar á smurolíu.
 - j. Þriðjudaginn 14. janúar 1997 fundaði Thomas Möller með fyrirsvarsmönnum Bílanaustar hf. um að þeir hættu sölu smurolíu gegn því að Olíuverzlun Íslands hf. keypti í auknum mæli varahluti af Bílanaust og beitti sér fyrir því að hin olúfélögin gerðu slíkt hið sama, en fundur þessi var haldinn að höfðu samráði starfsmanna félaganna þriggja um að fá Bílanaust til að hætta sölu smurolíu og draga þannig úr samkeppni í því skyni að auðvelda Olíuverzlun Íslands hf., Olúfélaginu hf. og Skeljungi hf. að hækka verð á smurolíu og auka framlegð þeirra af sölu hennar.
 - k. Fimmtudaginn 23. janúar 1997 ræddu Bjarni Bjarnason, starfsmaður Olúfélagsins hf., og Kristján B. Ólafsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., saman og skiptust á skoðunum meðal annars um sameiginlega ákvörðun félaganna á útsöluverði á 95 og 98 oktana bensíni, sem hækka þyrfti 95 oktana um ca. 1 kr. lítra og 98 oktana eitthvað meira, um framlegðarkröfu af sölu eldsneytis, og að æskilegt væri að ákærðu Einar og Geir hittust og kæmu sér saman um framlegðarkröfur af sölu bensíns, til að auðvelda þeim að ræða þörf á verðbreytingum. Verð á bensíni hækkaði 1. febrúar 1997 hjá öllum félögum um 90 aura á lítra.
 - l. Mánudaginn 27. janúar 1997 hringdi Kristján B. Ólafsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., í Bjarna Bjarnason, starfsmann Olúfélagsins hf., til að ræða verðlagismál félaganna.
 - m. Fimmtudaginn 20. mars 1997 hringdi Þórólfur Árnason, starfsmaður Olúfélagsins hf., í Kristján B. Ólafsson, starfsmann Olíuverzlunar Íslands hf., og ræddu þeir um þörf á verðbreytingu á verði gasolíu, en Þórólfur taldi mega lækka verð á lítra um allt að 1 krónu. Daginn eftir töluðu Kristján og Samúel Guðmundsson, starfsmenn Olíuverzlunar Íslands hf., við Þórólf og fengu hann til að fresta lækkun á gasolíuverði hjá Olúfélaginu hf. Dagana 2. og 3. apríl 1997 lækkaði verð á gasolíu um 1 krónu á lítra hjá öllum félögum jafnt.

- n. Síðarihluta maí og í byrjun júní 1997 áttu starfsmenn Olúfélagsins hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. samskipti, samræður og skiptust á skoðunum og upplýsingum um verð á eldsneyti og verðlagningu þess þegar:
1. Thomas Möller, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., ræddi þörf félaganna á að hækka útsöluverð eldsneytis við starfsmenn hinna félaganna Þórólf Árnason, Gunnar Karl Guðmundsson og Friðrik Þ. Stefánsson á síðarihluta maí 1997,
 2. Thomas Möller, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., ræddi sömu mál við Gunnar Karl Guðmundsson, starfsmann Skeljungs hf., föstudaginn 30. maí 1997,
 3. Kristján B. Ólafsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., ræddi föstudaginn 30. maí 1997 við Bjarna Bjarnason, starfsmann Olúfélagsins hf., um fyrirhugaða hækkun á eldsneyti.
- o. Mánudaginn 9. júní, miðvikudaginn 18. júní og þriðjudaginn 24. júní 1997 funduðu ákærðu og ræddu afkomu félaganna, fyrirhugaðar verðbreytingar á fljótandi eldsneyti, skiptust á upplýsingum úr rekstri félaganna, ræddu afgreiðslu á gasolíu til skipa og að leggja af tilboð til skipa um að selja gasolíu á verði skipagasolíu eða SD-olíu, kynntu niðurstöður sínar um þörf á verðbreytingum og komust að sameiginlegri niðurstöðu um verðbreytingar á eldsneyti. Verðum á fljótandi eldsneyti var breytt 15. júlí 1997 þegar verð á lítra af 95 og 98 oktana bensíni lækkaði hjá öllum félögum um kr. 1,50, verð á lítra af díselolíu og gasolíu lækkaði um kr. 1,80. Verðin tóku aftur breytingum 1. ágúst 1997 þegar verð á bensíni hækkaði hjá öllum félögum um kr. 1,40.
- p. Föstudaginn 14. nóvember 1997 áttu Þórólfur Árnason, starfsmaður Olúfélagsins hf., Thomas Möller, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., og Árni Ólafur Lárusson, starfsmaður Skeljungs hf., samræður um upptöku afgreiðslugjalda þar sem Árni Ólafur upplýsti hina um fyrirætlanir Skeljungs hf. um að taka upp afgreiðslugjald/sendingargjald vegna viðskipta fyrir lægri fjárhæðir og Thomas upplýsti um upptöku Olíuverzlunar Íslands hf. á lágmarkssendingargjöldum vegna sölu á þurrvörum og Þórólfur greindi frá umræðu um það sama innan Olúfélagsins hf.
- q. Fyrri helming maímánaðar 1998 áttu starfsmenn Olúfélagsins hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. samskipti, samræður og skiptust á skoðunum og upplýsingum um útsöluverð á smurolíum hjá félögum þegar Ingólfur Kristmundsson og Kristinn Leifsson starfsmenn Olíuverzlunar Íslands hf. ræddu við Lúðvík Björgvinsson, starfsmann Skeljungs hf., 19. maí 1998 eða fyrr, sinn í hvoru lagi, um áform um hækkun á útsöluverði smurolíu hjá félaginu og Skeljungi hf. og Jón Halldórsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., ræddi á sama tíma og aftur í júnímánuði 1998 áform Olúfélagsins hf. við Bjarna Bjarnason, starfsmann þess félags, um hækkun félaganna á útsöluverði smurolíu og þörf þeirra á hækkun framlegðar af viðskiptum með smurolíur.
- r. Miðvikudaginn 20. maí 1998 funduðu ákærðu og skiptust á skoðunum og upplýsingum um ýmis málefni tengd rekstri félaganna, s.s. afgreiðslutíma bensínstöðva og ræddu um og komust að sameiginlegri niðurstöðu um afslætti til viðskiptavina, þar á meðal afsláttarkjör á eldsneyti og öðrum vörum og þjónustu

- félaganna til handa félagsmönnum í Ferðaklúbbnum 4x4 og til handa félagsmönnum í Félagi Húsbílaeigenda.
- s. Föstudaginn 3. júlí 1998 sendi ákærði Einar tölvupóst til ákærða Geirs og upplýsti hann um að ítrekaðar fullyrðingar ákærða Geirs um að Olíuverzlun Íslands hf. hafi boðið Lögreglunni í Borgarnesi 5 kr. afslátt af bensíni væru rangar og lagði áherslu á að nauðsynlegt væri að þeir stæðu saman um „að láta viðskiptavini ekki komast upp með að ljúga viðskiptatilboðum“ upp á þá í því skyni að fá fram hagstæðari kjör hjá öðru félaganna.
 - t. Þriðjudaginn 7. júlí 1998 funduðu ákærðu og ræddu um, og skiptust á upplýsingum um, verð og afslætti til verktakafyrirtækja og annarra stórra viðskiptavina félaganna við kaup á eldsneyti og smurolíum og leituðust við að komast að sameiginlegri niðurstöðu um viðskiptakjör til þeirra. Auk þess sem ákærðu upplýstu hver annan um magn það sem félögin höfðu selt af bensíni og kærði Kristinn upplýsti meðákærðu um aðgerðir innan Skeljungs hf. til að lækka kostnað félagsins.
 - u. Þriðjudaginn 1. september 1998 hringdi ákærði Geir í ákærða Kristinn og kvartaði undan afsláttarkjörum sem Skeljungur hf. hafði boðið Kaupfélagi Akureyringa skömmu áður, en Kaupfélagið hafði verið í viðskiptum hjá Olíufélaginu hf., og var þetta liður í að fylgja eftir samkomulagi félaganna um að stunda ekki samkeppni um viðskiptavini hvers annars.
 - v. Föstudaginn 30. október 1998 funduðu Kristján Kristinsson starfsmaður Olíufélagsins hf., Thomas Möller, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., og Margrét Guðmundsdóttir, starfsmaður Skeljungs hf., og ræddu verð og afslætti á eldsneyti til Landsíma Íslands hf. og Íslandspósts hf. og komu sér saman um afsláttarkjör til þeirra, ræddu afslátt á eldsneyti til lögreglunnar í tengslum við væntanlegt útbod dómsmálaráðuneytisins, veittu hvert öðru upplýsingar um viðskipti félaganna við Ferðaklúbbinn 4X4, komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að félögin skyldu ekki gefa afslætti til félagasamtaka þar á meðal FÍB nema þá „safnkorts- eða fríkortsafslætti“, ákváðu að hafa samráð um að varast að fyrirtæki í viðskiptum við eitt félag notaði hin, með hótun um að færa viðskiptin, til að fá hærri afslátt og ákváðu að félögin veittu jafn háan afslátt af eldsneytisverði til fyrirtækja með fjölda bifreiða sem stig hækkaði eftir fjölda bifreiða. Starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf. upplýsti hina um að félagið hefði tekið upp afgreiðslugjald við lagerafgreiðslur undir 5000 kr. og viðbrögð viðskiptavina við því, auk þess sem starfsmennirnir ræddu þörf á verðbreytingum á smurolíu og vilja Olíuverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. til að hækka smurolíuverð á bensínstöðvum um 10 %. Margrét Guðmundsdóttir starfsmaður Skeljungs hf. hringdi í Thomas Möller, starfsmann Olíuverzlunar Íslands hf., 2. nóvember 1998 og gaf honum upplýsingar um framkvæmd þeirra atriða sem rædd höfðu verið þar á meðal að hækkun smurolíuverðs yrði 1. desember vegna söluátaks á smurolíu í nóvember.
 - w. Miðvikudaginn 11. nóvember 1998 funduðu Kristján Kristinsson, Thomas Möller, Margrét Guðmundsdóttir og Friðrik Þ. Stefánsson, starfsmenn félaganna, og ræddu verðlagsmál meðal annars, leiðir til að „minnka í áföngum mun á leiðsluverði og díselverði“, komust að niðurstöðu um að tímabært væri að félögin

tækju upp að „innheimta afgreiðslugjöld á smáar og óhagkvæmar afgreiðslur viðskiptavina“ félaganna, komust að niðurstöðu um að „fyrsta innlegg í að bæta framlegð sé afnám / hækkun leiðsluverðs“, „að félagasamtök og aðrir slíkir hagsmunahópar eigi ekki að ná þannig sérkjörum að framlegð sé verulega skert“, að félögin segðu upp samningum við Ferðaklúbbinn 4X4 frá og með næstu áramótum, ræddu „tankavæðingu“ stórnotenda, verðlagningu á eldsneyti úr sjálfsafgreiðsludælum og að félögin myndu „spyrna fast við byggingu / fjárfestingu í flotbryggjum“ og gera þess í stað kröfu til hafnaryfirvalda um að þau legðu til hafnarsvæði undir afgreiðslubúnað félaganna, að spilliefnagjaldi skyldi koma inn í verðlagningu félaganna á smurolíu, ræddu verðlagningu á skipaolíum og voru settar fram óskir um hækkanir hennar sem teknar voru „til íhugunar“, verðlagningu á 95 og 98 oktana bensíni og steinolíu.

- x. Miðvikudaginn 9. desember 1998 funduðu ákærðu og ræddu ýmis samkeppnismál þar á meðal undirbúning þess að félögin tækju ákvörðun um að hætta sölu á 98 oktana bensíni, í það minnsta utan Reykjavíkur, og sameiginlega ákvörðun um gjaldtöku af þeim viðskiptavinum félaganna sem keyptu lítið magn hráolíu á tanka, svonefnt smáafgreiðslugjald og gjaldtöku vegna tanka, athugasemdir LÍÚ vegna verðlagningar á olíu til fiskiskipa og var ákærða Geir falið að ræða við LÍÚ.
- y. Mánudaginn 18. janúar 1999 funduðu ákærðu og ræddu ýmis samkeppnismál félaganna þar á meðal afhendingu þeirra á tönkum til viðskiptavina og viðskiptakjör því tengd og var fundurinn liður í reglubundnu samráði ákærðu.
- z. Fimmtudaginn 21. janúar 1999 funduðu Heimir Sigurðsson, starfsmaður Olúfélagsins hf., Thomas Möller, starfsmaður Olúverzlunar Íslands hf., og Margrét Guðmundsdóttir, starfsmaður Skeljungs hf., og ræddu meðal annars ákvörðun um að félögin hættu sem fyrst sölu 98 oktana bensíns á landsbyggðinni, verðlagningu 98 oktana bensíns, sameiginlegar ákvarðanir félaganna um að fjölga sjálfsölum úti á landi og skipanir til sölumanna um að auka sjálfsafgreiðslu, auk þess að ræða sameiginlegt afsláttarkerfi, „1-2-3 kr. kerfið“ sem félögin höfðu komið upp í sameiningu um afslætti þeirra af bensínverði til viðskiptavina, stighækkandi eftir fjölda ökutækja í viðskiptum.
- aa. Miðvikudaginn 24. febrúar 1999 sendi Friðrik Þ. Stefánsson, starfsmaður Skeljungs hf., tölvupóst til Jóns Halldórssonar, starfsmanns Olúverzlunar Íslands hf., og gerði athugasemdir við samning sem Olúverzlun Íslands hf. hafði gert við nafngreindan viðskiptavin Skeljungs hf. um sölu á flotaolíu, afhendingu tanka og þjónustu sem veita skyldi honum án aukakostnaðar. Jón svaraði tölvupóstinum 1. mars 1999 og gerði athugasemdir við að Skeljungur hf. hefði náð fjórum nafngreindum viðskiptavinum af Olúverzlun Íslands hf. og lækkað framlegð þeirra í viðskiptum við þrjá aðra viðskiptavini. Friðrik svaraði síðari tölvupóstinum sama dag og gerði frekari athugasemdir um að Olúverzlun Íslands hf. hefði valdið skerðingu á framlegð Skeljungs hf. af viðskiptum við fjóra nafngreinda viðskiptavini félagsins.
- bb. Í febrúar- og marsmánuðum 1999 áttu starfsmenn Olúfélagsins hf., Olúverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. fundi, samtöl og skiptust á tölvupóstum sem miðuðu að því að tryggja að álagning spilliefnagjalds á smurolíur, samkvæmt reglugerð nr. 151/1999 sem tók gildi 15. mars sama ár, kæmi að fullu til hækkunar útsöluverðs

- á smurolíum hjá félögunum öllum auk þess að ræða frekari hækkun útsöluverðs, meðal annars skiptust Ragnar Bogason, starfsmaður Olíufélagsins hf., Jón Halldórsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., og Friðrik Þ. Stefánsson, starfsmaður Skeljungs hf., á tölvupóstum 16. febrúar 1999 og funduðu föstudaginn 19. febrúar 1999 um samræmda hækkun félaganna vegna spilliefnagjaldsins og samræmingu svara félaganna við fyrirspurnum um hækkunar smurolíu.
- cc. Þriðjudaginn 13. apríl 1999 funduðu Heimir Sigurðsson, Thomas Möller og Margrét Guðmundsdóttir, starfsmenn félaganna, og ræddu meðal annars ákvörðun um að félögin hættu sölu 98 oktana bensíns, utan Reykjavíkur og Akureyrar, um næstu áramót þar á eftir og að öllu leyti í maí 2000 og þá um vorið yrði innflutningi þess hætt. Auk þess ræddu þau möguleika á samrekstri félaganna á bensínstöðvum og fyrirkomulagi þess rekstrar.
- dd. Fimmtudaginn 29. apríl 1999 funduðu Ragnar Bogason, Heimir Sigurðsson starfsmenn Olíufélagsins hf., Jón Halldórsson og Thomas Möller, starfsmenn Olíuverzlunar Íslands hf., og ræddu ýmis hagsmunamál félaganna þar á meðal þá ákvörðun þeirra um að hætta sölu 98 oktana bensíns vorið 2000, samreknar bensínstöðvar félaganna og verðlagningu þeirra á eldsneyti.
- ee. Föstudaginn 16. júlí 1999 skiptust Magnús Ásgeirsson, starfsmaður Olíufélagsins hf., og Reynir A. Guðlaugsson, starfsmaður Skeljungs hf., á tölvupóstum sem einnig voru sendir Samúel Guðmundssyni hjá Olíuverzlun Íslands hf., þar sem þeir skiptust á upplýsingum og skoðunum um innkaup og birgðastöðu á 98 oktana bensíni og lok innflutnings og sölu félaganna á því.
- ff. Miðvikudaginn 23. febrúar 2000 ræddu ákærðu Einar og Geir saman um afsláttarkjör sem Olíufélagið hf. hafði veitt viðskiptavinum Bílabúðar Benna, meðal annars af útsöluverði bensíns og að óánægja væri innan Olíufélagsins hf. með afsláttarkjörin, en samræður þessar urðu í framhaldi af fyrirspurn ákærða Einars til ákærða Geirs í tölvupósti daginn áður þar sem hann leitaði upplýsinga um hvort afstöðubreyting hefði orðið hjá ákærða Geir til afsláttarmála almennt. Auk þess sem ákærðu ræddu afsláttarboð ÓB-klúbbsins til félagsmanna sinna frá 22. febrúar 2000, en ÓB var í eigu Olíuverzlunar Íslands hf.
- gg. Miðvikudaginn 22. mars 2000 ræddu ákærðu Einar og Kristinn saman og leituðu leiða til að leysa úr ágreiningi milli Olíuverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. vegna afsláttarkjara sem veitt höfðu verið á eldsneyti á bensínstöð ÓB við Melabraut í Hafnarfirði og auglýstur hafði verið í útvarpi og lækkana á verði á eldsneyti á bensínstöðvum Bensínorkunnar ehf. ÓB var í eigu Olíuverzlunar Íslands hf. en Bensínorkan ehf. að hluta í eigu Skeljungs hf.
- hh. Mánudaginn 23. október 2000 skiptust ákærðu Einar og Kristinn á tölvupóstum þegar ákærði Kristinn framsendi tölvupóst dagsettan sama dag, með ósk Lögmannafélags Íslands um afslátt fyrir félagsmenn sína á Select-verslunum Skeljungs hf., til ákærða Einars og lýsti yfir og kynnti þá afstöðu að þeir hafi „aldrei ljáð máls á einhverju líku því og farið er fram á í erindinu“ og ákærði Einar svaraði og kvaðst algerlega sammála og hann mundi „afgreiða málið með sama hætti“ ef það kæmi til hans.
- ii. Miðvikudaginn 1. nóvember 2000 funduðu Þórarinn Þórarinsson starfsmaður

Olúfélagsins hf., Ingólfur Kristmundsson starfsmaður Olúuverzlunar Íslands hf. og Lúðvík Björgvinsson og Þorsteinn Björgvinsson starfsmenn Skeljungs hf. og ræddu umfang og þörf á mögulegri verðhækkun félaganna á smurolíu.

20. Samráð um SD-olíu og svartolíu

Á árunum 1995 - 1997 höfðu Olúfélagið hf., Olúuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða í því skyni að takmarka samkeppni um sölu eldsneytis til skipa, þegar þeir ræddu verðlagningu svo kallaðrar SD-olíu, (e. Special Distillate Oil) og verðmun á henni og svartolíu og leituðu samninga um að Skeljungur hf. takmarkaði framboð SD-olíu til viðskiptavina sinna og byði hana ekki nýjum viðskiptavinum, gegn því að félögin hefðu samstarf um innflutning á svartolíu og gildi samningurinn og samráð félaganna hélst um SD-olíuna fram á árið 1997 við innflutning svartolíu vegna þess árs. Samráð þetta fór meðal annars fram sem hér segir:

- a. Þriðjudaginn 29. ágúst 1995 funduðu ákærðu Geir og Einar ásamt Þórólfi Árnasyni og Thomasi Möller undirmönnum sínum hjá félögunum þar sem þeir ræddu samstarf um innflutning Olúfélagsins hf. og Olúuverzlunar Íslands hf. á svartolíu og að skilyrði þessa væri að samstarf næðist um breytt fyrirkomulag SD-olíusölu Skeljungs hf.
- b. Föstudaginn 17. nóvember 1995 funduðu ákærðu, ræddu samstarf félaganna um innflutning á svartolíu og að Olúfélagið hf. og Olúuverzlun Íslands hf. væru ekki tilbúin til samstarfs um innflutning á svartolíu með Skeljungum hf. nema samkomulag næðist um SD-olíu sem Skeljungur hf. var að selja, og að Skeljungur hf. seldi SD-olíu í beinni samkeppni við hin félögin og á sama verði og svartolíu. Upplýsti ákærði Kristinn meðákærðu um heildarsölu og innflutningsmagn Skeljungs hf. á SD-olíu árið 1995. Sbr einnig 19. tölulið, staflið e.
- c. Þriðjudaginn 9. janúar 1996 skrifaði ákærði Kristinn minnisblað til meðákærðu þar sem hann lýsti skoðun sinni um að óeðlilegt væri með öllu að Skeljungur hf. takmarkaði framboð á SD-olíu til viðskiptavina sinna og byði hana ekki nýjum viðskiptavinum, í samræmi við tillögur meðákærðu á fundum þeirra árið áður, á meðan Olúfélagið hf. byði til sölu nýja vöru með sömu eiginleika svo kallaðrar MDO-olíu (e. Marine Diesel Oil) í beinni samkeppni við SD-olíuna.
- d. Miðvikudaginn 18. júní 1997 funduðu ákærðu og ræddu um svartolíuviðskipti og ákærði Kristinn upplýsti meðákærðu um að Skeljungur hf. hefði samning við SHELL um kaup á 12.000 tonnum af SD-olíu 1997.

21. Samráð um verðlagningu á svartolíu

Á tímabilinu frá 9. október 1995 til apríl 2000 höfðu Olúfélagið hf., Olúuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, þegar ákærðu og starfsmenn félaganna funduðu og áttu önnur samskipti þar sem þeir ráðfærðu sig og skiptust á upplýsingum og skoðunum, og komust að sameiginlegum niðurstöðum, um verðlagningu og afslátt af söluverði félaganna á svartolíu. Samráð þetta fór meðal annars fram sem hér segir:

- a. Mánudaginn 9. október 1995 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Bjarni Snæbjörn Jónsson starfsmenn félaganna og komust að sameiginlegri niðurstöðu um viðbrögð við beiðni SR-mjöls hf. um afslátt af söluverði þeirra á svartolíu til verksmiðja SR-mjöls hf. sem ákveðin var 10 % eða 56 aurar af verði á lítra. Sbr. einnig 8. tölulið, staflíð f, nr. 2.
- b. Föstudaginn 17. nóvember 1995 funduðu ákærðu og ræddu meðal annars verðlagningu á svartolíu og ákváðu að félögin mundu reyna að halda óbreyttu verði á svartolíu. Sbr. einnig 19. tölulið, staflíð e, og 20. tölulið, staflíð b.
- c. Fimmtudaginn 22. febrúar 1996 áttu Olúfélagið hf., Olúuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf. ólögmett samráð um ákvörðun afsláttar af svartolíu til Íslenska álfélagsins hf. í Straumsvík (ÍSAL), í tengslum við endurnýjun á viðskiptasamningi Skeljungs hf. við ÍSAL sem undirritaður var 3. júní 1996, sem meðal annars fór fram með því að:
1. Bjarni Snæbjörn Jónsson, starfsmaður Skeljungs hf., sendi 22. febrúar 1996 Bjarna Bjarnasyni, starfsmanni Olúfélagsins hf., og ákærða Einari tölvupóst þar sem lagt var til að félögin endurskoðuðu afslátt sem var samkvæmt eldri viðskiptasamningi kr. 60 af söluverði hvers tonns af svartolíu og lagði til að félögin kæmu sér saman um afslátt til ÍSAL að fjárhæð a.m.k. kr. 200, en allt að kr. 300, af söluverði hvers tonns.
 2. Bjarni Snæbjörn og Bjarni Bjarnason áttu símtal sama dag þar sem þeir ræddu viðskipti Skeljungs hf. við ÍSAL, magn seldrar svartolíu og mögulegan afslátt til félagsins.
 3. Bjarni Snæbjörn og ákærði Einar áttu á svipuðum tíma og að framan greinir samtöl um breytingu á samningi Skeljungs hf. við ÍSAL þar á meðal um hækkun afsláttar af söluverði á svartolíu í kr. 300 af tonni.
- d. Fimmtudaginn 16. janúar 1997 funduðu Bjarni Bjarnason starfsmaður Olúfélagsins hf. og Kristján B. Ólafsson, starfsmaður Olúuverzlunar Íslands hf., og ræddu þörf á að hækka verðlagningu félaganna á svartolíu, skiptust á skoðunum um þörf á hækkun og komust að niðurstöðu um að verð á tonni af svartolíu skyldi hækka um kr. 1.000 hjá félögunum báðum. Hækkun þessi gekk eftir þar sem Olúuverzlun Íslands hf. hækkaði verðið um framangreinda fjárhæð 17. janúar sama ár og Olúfélagið hf. hækkaði verðið jafn mikið 18. janúar sama ár.
- e. Frá byrjun febrúar til apríl 2000 áttu starfsmenn Olúfélagsins hf., Olúuverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. samtöl, fundi og önnur samskipti þar sem þeir ákváðu sameiginlega afslátt af söluverði svartolíu til verksmiðja SR-mjöls hf. þar á meðal þegar:
1. Friðrik Þ. Stefánsson, starfsmaður Skeljungs hf., hafði í byrjun febrúar 2000 samband við starfsmenn hinna félaganna og þeir komu sér saman um að félögin biðu SR-mjöli hf. viðbótarafslátt sem næmi kr. 55 aurum af lítra og skyldi afslátturinn standa út mars,
 2. Friðrik Þ. Stefánsson, fundaði 20. mars 2000 með starfsmönnum hinna félaganna og ræddi beiðni SR-mjöls hf. um frekari afslátt af söluverði svartolíu til SR-mjöls hf. og sameiginlega afstöðu félaganna til þess,
 3. Kristján Kristinsson, starfsmaður Olúfélagsins hf., sendi 24. mars 2000 tölvupóst til Friðriks Þ. Stefánssonar og Jóns Halldórssonar starfsmanna

hinna félaganna, og upplýsti þá um hverjar hann teldi vera markaðshorfur vegna sölu svartolíu á komandi sex mánuðum og samkeppni þeirra við ódýrt lýsi sem eldsneyti í verksmiðum SR-mjöls hf.

4. Friðrik Þ. Sefánsson hafði í byrjun apríl 2000 samband við starfsmenn hinna félaganna og óskaði eftir svörum þeirra um hvort hin félögin væru tilbúin að verða við beiðni SR-mjöls hf. um frekari lækkun verðs á svartolíu til félagsins.

22. Samráð um sölu og verðlagningu á gasi

Á árunum 1995 - 2000 höfðu Olúfélagið hf., Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólögmaett samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni þeirra á milli, með því að ákærðu og undirmenn þeirra funduðu, ræddu saman, og skiptust á skilaboðum þar sem þeir skiptust á upplýsingum, skoðunum og komu sér saman um málefni sem vörðuðu samkeppni félaganna á markaði. Meðal annars ákváðu ákærðu og undirmenn þeirra sameiginlega útsöluverð félaganna á gasi, skiptust á upplýsingum um og ræddu framlegð þeirra af sölu gass, ræddu viðbrögð við óskum Ísaga hf. um kaup á gasi og samkeppni félaganna við Ísaga hf. um sölu á gasi, ræddu þörf á að félögin byrjuðu innheimtu á gjaldi vegna flutnings á gasi sem þau seldu á landsbyggðinni og tóku upp slíkt gjald. Samráð þetta fór meðal annars fram sem hér segir:

- a. Miðvikudaginn 22. mars 1995 funduðu ákærðu og ræddu meðal annars möguleika á samstarfi félaganna við Ísaga hf. um að Ísaga hf. hæfi sölu própangass með því að kaupa gasið af Olúfélaginu hf., Olúverzlun Íslands hf. eða Skeljungi hf., eða þeim öllum, gegn því að félögin fengju aðgang að dreifikerfi Ísaga hf. til viðskiptavina sem Ísaga hf. þjónaði. Komust ákærðu að samkomulagi um að ekkert félaganna skyldi verða við ósk Ísaga hf. um að selja própangas beint til þess, en að starfsmenn félaganna, Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Bjarni Snæbjörn Jónsson skyldu koma sér saman um samræmt svar á þann veg að Ísaga hf. yrði boðið að kaupa gasið frá félagi sem til stóð að stofna og yrði í jafnri eigu Olúfélagsins hf., Olúverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. þegar það hæfi starfsemi. Félagið var stofnað á fundi 25. mars 1996 og hlaut nafnið Gasfélagið ehf., kt. 690396-2469. Sbr. einnig 19. tölulið, staflið c.
- b. Miðvikudaginn 3. maí 1995 funduðu Þórólfur Árnason og Thomas Möller starfsmenn Olúfélagsins hf. og Olúverzlunar Íslands hf. og ræddu ýmis hagsmunamál félaganna þar á meðal flutningsgjald af gaskútum sem félögin höfðu fellt niður á árinu 1994 og að nánast engin „framlegð“ væri af „gaskútum fyrir utan Stór-Reykjavíkursvæðið“. Sbr. einnig 8. tölulið, staflið c.
- c. Fimmtudaginn 7. september 1995 funduðu Thomas Möller og Bjarni Snæbjörn Jónsson, starfsmenn Olúverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf., og ræddu ýmis hagsmunamál félaganna, meðal annars verðlagningu þeirra á gasi og að hún væri of lág og nauðsyn þess að „ná inn flutningskostnaði“.
- d. Mánudaginn 9. október 1995 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Bjarni Snæbjörn Jónsson, starfsmenn félaganna, og ræddu ýmis hagsmunamál félaganna þar á meðal fyrirkomulag á rekstri Gasfélagsins ehf., sem var í eigu félaganna, og

- tveir hinir fyrrnefndu voru stjórnarmenn í ásamt fulltrúa Skeljungs hf. sem var stjórnarformaður, mögulega samkeppni félaganna við Ísaga hf. um sölu á gasi þar á meðal, „hvort einhver glóra“ væri í „að fara í samkeppni við Ísaga í súr/og acetylene gasi. Sbr. einnig 8. tölulið, staflíð f, nr. 2 og 21. tölulið, staflíð a.
- e. Mánudaginn 10. febrúar 1997 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Þórir Haraldsson fulltrúar félaganna í stjórn Gasfélagsins ehf. ásamt framkvæmdastjóra þess Einari Þorgeirssyni og ákváðu að hækka verðlagningu á gasi frá Gasfélaginu ehf. til félaganna og að verð á gasi skyldi hækka frá 1. mars 1997, og samræmdu, þá eða síðar, útsöluverð á gasi á kútum frá félögunum þremur sem taka átti gildi frá 1. mars 1997.
 - f. Miðvikudaginn 3. september 1997 fundaði framangreind stjórn Gasfélagsins ehf., Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Þórir Haraldsson, og ræddu nauðsyn þess að félögin létu í framtíðinni móttakanda gass á landsbyggðinni greiða flutningsgjald vegna kostnaðar við flutning gass til viðbótar þeim kostnaði sem Gasfélagið ehf. reiknaði inn í heildsöluverð á gasi til félaganna.
 - g. Fimmtudaginn 11. september 1997 funduðu Þórarinn Þórarinsson, starfsmaður Olúfélagsins hf., einn starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., og Sigurður Kr. Sigurðsson, starfsmaður Skeljungs hf., ásamt Einari Þorgeirssyni, framkvæmdastjóra Gasfélagsins ehf., og ræddu ýmis málefni tengd sölu félaganna á gasi, meðal annars „verðmyndun í gasi og kostnað og framlegð“ félaganna af sölu gass, og héldu áfram að ræða nauðsyn þess að félögin, hvert fyrir sig, tækju upp innheimtu flutningsgjalds af gasi sem selt var af umboðsmönnum úti á landsbyggðinni.
 - h. Þriðjudaginn 20. janúar 1998 funduðu ákærðu og ræddu málefni Gasfélagsins ehf. og „gasmál“ auk þess að ræða þörf á hækkun á útsöluverði á gasi sem þeir voru sammála um að þyrfti að hækka.
 - i. Fimmtudaginn 29. janúar 1998 fundaði Ingólfur Kristmundsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., með Kristjáni Kristinssyni og Þóramni Þórarinssyni, starfsmönnum Olúfélagsins hf. og fulltrúa Skeljungs hf., og ræddu fjárhæð fyrirhugaðs flutningsgjalds á gasi út á land, þar sem fram kom tillaga Olíuverzlunar Íslands hf. um 3 kr. gjald á kg og að gjald að fjárhæð 6 kr. á kg væri nær raunkostnaði, auk þess sem þeir ræddu möguleika á innheimtu flutningsgjaldsins sem fastrar fjárhæðar af hverjum gaskút eða með því að hækka allt gasverð sem næmi þeim kostnaði sem hlytist af að senda gas út á land. Á fundinum ræddu starfsmenn félaganna og komu sér saman um fyrirhugaða hækkun á útsöluverði gass hjá félögunum og þá prósentuhækkun sem til stóð að gera og þeir töldu þurfa að vera 28-30 %. Olíuverzlun Íslands hf. lagði 1. mars 1998 flutningsgjaldið á sem fast gjald á hvern gaskút sem sendur var út á land.
 - j. Mánudaginn 27. apríl 1998 funduðu Þórarinn Þórarinsson, Ingólfur Kristmundsson og Sigurður Kr. Sigurðsson, starfsmenn félaganna, og ræddu um skil viðskiptavina á tónum gaskútum á bensínstöðvar félaganna, upptöku flutningsgjalds á gas, og upplýsti Sigurður Kr., starfsmaður Skeljungs hf., hina um að félagið hefði vegna vandamála í tölvuvinnslu ekki enn getað tekið upp flutningsgjaldið, auk þess sem hann upplýsti að Hagkaup hefði óskað eftir að Skeljungur hf. setti upp gaskútageymslur við allar verslanir Hagkaupa og að því hefði verið hafnað

jafnframt því að hann óskaði eftir því af hinum félögunum að þau gerðu slíkt hið sama og voru fundarmenn sammála um að „þetta væri ekki álitlegur kostur“.

- k. Miðvikudaginn 29. mars 2000 fundaði Ingólfur Kristmundsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., með starfsmönnum hinna félaganna tveggja, líklega Kristjáni Kristinssyni og Sigurði Kr. Sigurðssyni, og ákváðu þeir að félögin gerðu breytingu á verðlagningu á gasi frá 1. mars eða 1. apríl, um sem næst 10,7 % til hækkunar á verði gass í kútum auk þess að koma inn í verðið a.m.k. hluta af sendingarkostnaði út á land. Auk þess ákváðu þeir að verðbreyting á 47 kg kútum yrði nokkru meiri.

23. Samráð um fyrirkomulag á afhendingu eldsneytistanka og tengds búnaðar til viðskiptavina og gjaldtöku vegna þessa

Á árunum 1995 - 2000 höfðu Olíufélagið hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., með sér ólögð samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða, fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna í tengslum við afnot viðskiptavina félaganna af eldsneytistönkum í eigu þeirra, afhendingu þeirra án endurgjalds til viðskiptavinanna og búnaði þeim tengdum, að félögin tækju upp gjaldtöku vegna þessa og leituðust við að hætta afhendingu tanka og búnaðar. Samráð þetta fór meðal annars fram sem hér segir:

- a. Þriðjudaginn 31. janúar 1995, sendi Thomas Möller, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., Þórólfi Árnasyni, starfsmanni Olíufélagsins hf., og Bjarna Snæbirni Jónssyni, starfsmanni Skeljungs hf., bréf þar sem hann lagði til að félögin hættu „útlánum á tækjum og tönkum“, seldu viðskiptavinum eldri tanka á lágu verði og félögin útvegi viðskiptavinum sínum tanka á kostnaðarverði með álagningu, jafnframt því sem hann óskaði eftir samstarfi við hina um „gerð samræmdra reglna um úthlutun tækja og búnaðar“.
- b. Þriðjudaginn 21. febrúar 1995, sendi Thomas Möller, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., bréf til Þórólfs Árnasonar og Knúts Haukssonar, starfsmanna Olíufélagsins hf., svo sem nánar er lýst í 8. tölulið, staflíð a, og annað til Bjarna Snæbjörns Jónssonar og Þóris Haraldssonar, starfsmanna Skeljungs hf., svo sem nánar er lýst í 8. tölulið, staflíð b, þar sem hann meðal annars lýsti yfir áhuga á „að koma á vinnureglum varðandi dreifingu á tönkum og dælum til viðskiptavina og hugsanlega gjaldtöku fyrir hana, einnig almennt um hina óhagkvæmu dreifingu á smáslöttum í þessa tanka upp um fjöll og fyrnindi“.
- c. Ákærðu funduðu fyrri hluta árs 1995 um málið og leituðust við að koma böndum á útbreiðslu einkatanka.
- d. Miðvikudaginn 3. maí 1995 funduðu framangreindir starfsmenn Olíufélagsins hf. og Olíuverzlunar Íslands hf. og ræddu þá hugmynd að viðskiptavinir félaganna keyptu viðskiptamannatanka með dælu. Sbr. einnig 8. tölulið, staflíð c og 22. tölulið, staflíð b.
- e. Fimmtudaginn 7. september 1995 funduðu framangreindir starfsmenn Olíuverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. og ræddu ýmis hagsmunamál félaganna, meðal annars hvort hægt væri að rukka fyrir eldri tanka og komu sér saman um að nýir og notaðir tankar sem færu í umferð yrðu seldir viðskiptavinum félaganna. Sbr. einnig 22. tölulið, staflíð c.

- f. Mánudaginn 9. október 1995 funduðu Þórólfur Árnason, Thomas Möller og Bjarni Snæbjörn Jónsson, starfsmenn félaganna, og ræddu gjaldtöku vegna búnaðar og að leitast skyldi við að koma á leigugjaldi eins og tíðkast hafði um gáma hjá flutningafyrirtækjum auk þess sem þeir ræddu ábyrgð sem hvíldi á félögunum vegna mengunarslysa af völdum lekra tanka í þeirra eigu. Sbr. einnig 8. tölulið, staflíð f, nr. 2 og 21. tölulið, staflíð a og 22. tölulið, staflíð d.
- g. Fimmtudaginn 6. apríl 2000 funduðu ákærðu Geir og Einar ásamt undirmönnum þeirra Ragnari Bogasyni og Jóni Halldórssyni og ræddu viðskipti Olúfélagsins hf. og Olúverzlunar Íslands hf. þar á meðal gjaldtöku félaganna í tengslum við afgreiðslur eldsneytis á tanka hjá viðskiptavinum þeirra.
- h. Miðvikudagana 10. og 24. maí 2000 sendi Heimir Sigurðsson, starfsmaður Olúfélagsins hf., tölvupóst til Thomasar Möller og Margrétar Guðmundsdóttur starfsmanna hinna tveggja félaganna og gerði athugasemd við afhendingu Olúverzlunar Íslands hf. á tanka til viðskiptavinar félagsins á Patreksfirði og mögulegan afslátt hans af kaupverði eldsneytis á tankinn, en póstinum svaraði Thomas 10. maí og áttu starfsmenn félaganna með þessum hætti skoðanaskipti um stefnu félaganna varðandi afhendingu tanka til viðskiptavina sinna og verð á eldsneyti til þeirra.

24. Samráð um veitingu afsláttar til Björgunarbátasjóðs SVFÍ á Ísafirði

Um miðjan desember 1997 höfðu Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf. með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða, fyrir tilstilli ákærðu Einars og Kristins sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna í tengslum við afsláttarkjör af eldsneyti á björgunarbátinn Gunnar Friðriksson til Björgunarbátasjóðs SVFÍ á Ísafirði, þegar Jón Halldórsson starfsmaður Olúverzlunar Íslands hf. og Friðrik Þ. Stefánsson starfsmaður Skeljungs hf. ákváðu 16. desember 1997, eða skömmu áður, að félögin hefðu samstarf um veitingu afsláttar til Björgunarbátasjóðsins í framhaldi af óskum sjóðsins um afslátt af eldsneyti og Jón Halldórsson og Gunnar E. Kvaran, starfsmaður Skeljungs hf., ræddu saman, 17. desember 1997, um viðbrögð félaganna við beiðninni og Jón lagði til að þau byðu kr. 100.000 í afslátt á ári hvort félag. Samráði þessum lauk með því að Skeljungur hf. veitti Björgunarbátasjóðnum kr. 75.000 í afslátt á árinu 1998 með bréfi dags. 17. desember 1997.

25. Samráð tengt viðskiptum við Þormóð ramma hf., Hjarðarnesbræður ehf. og Granda hf.

Á árunum 1997 – 1998 höfðu Olúverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli Einars og Kristins, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, þar sem ákærðu funduðu og áttu önnur samskipti, ráðfærðu sig og skiptust á upplýsingum um og skoðunum á verðlagningu, veitingu afsláttar og viðskiptakjörum vegna viðskipta þeirra við Þormóð Ramma hf., Hjarðarnesbræður ehf. og Granda hf. meðal annars svo sem hér segir:

- a. Miðvikudaginn 9. apríl og föstudaginn 2. maí 1997 funduðu ákærðu í því skyni að upplýsa hver annan um fyrirætlan félaganna í tengslum við tilboð þeirra til Granda

- hf. um sölu á eldsneyti og olúvörum vegna tímabilsins 1. maí 1997 til 30. apríl 1998, sem óskað var eftir af Granda hf. með bréfum til félaganna dags. 24. mars og 2. apríl 1997 og samið var um við Olíuverzlun Íslands hf. 30. maí 1997 og Skeljung hf. 14. júlí 1997.
- b. Mánudaginn 21. desember 1998 sendi ákærði Kristinn ákærða Einari tölvupóst með yfirskriftinni „Sameiginlegir kúnnar“ þar sem hann gerir athugasemd við að, „Sameiginlegir kúnnar, eins og t.d. vinir okkar á Siglufirði, eru sérfræðingar í að hringja í okkur til skiptis og bera fram kvartanir vegna þess að “hitt olúfélagið” hefði miklu betri verð og kjör“, og lagði til að undirmönnum ákærðu yrði heimilað að „skiptast á verðum til að allt sé klárt“, en tilefnið var verðlagning félaganna, og afsláttur, á eldsneyti til Þormóðs Ramma hf. á Siglufirði.
- c. Þriðjudaginn 22. desember 1998 ræddu ákærðu Einar og Kristinn saman og skiptust á upplýsingum um viðskipti Olíuverzlunar Íslands hf. og Skeljung hf.:
1. við Hjarðarnesbræður ehf. og komu ákærðu Einar og Kristinn sér saman um að Olíuverzlun Íslands hf. neitaði beiðni þeirra um að selja þeim gasolíu á sama verði og skipagasolíu, gegn því að Skeljungur hf. neitaði þeim um afslátt af eldsneyti ef eftir því yrði leitað.
 2. við Granda hf. þar sem ákærðu skiptust á upplýsingum um verðlagningu/sölu félaganna á skipagasolíu, svartolíu og svo kallaðrar MD-/SD-olíu til Granda hf.

26. Samráð gegn aðgerðum LÍÚ um að lækka verð á olíu til fiskiskipa

Síðari hluta árs 2000 höfðu Olúfélagið hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, með sér ólögmeitt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, með því að vinna sameiginlega gegn tilraunum Landsambands íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, til að fá fram lækkingu á eldsneytisverði og afgreiðslu eldsneytis á fiskiskip í eigu félagsmanna LÍÚ á hafi úti. Samráðið var haft í framhaldi af óskum formanns LÍÚ sem hann setti fram í byrjun júnímánaðar 2000 um að félögin hvert fyrir sig, eða undir merkjum Úthafsolíu ehf./OW Icebunker, sem félögin áttu jafnan hlut í, gæfu félagsmönnum LÍÚ afslátt frá gildandi útsöluverði á olíu og afgreiddu olíuna úr tankskipum á hafi úti. Samráð þetta fór meðal annars fram sem hér segir:

- a. Fimmtudaginn 15. júní 2000 sendi ákærði Einar meðákærðu tölvupóst þar sem hann kynnir þeim að framkvæmdastjóri LÍÚ hafi hringt í hann vegna óska landsambandsins og lýsti hann þeirri skoðun sinni að þeir ættu að flýta sér hægt í þessu máli og óskaði eftir fundi ákærðu um málið.
- b. Mánudaginn 26. júní 2000 funduðu ákærðu og ræddu óskir LÍÚ og viðbrögð félaganna við þeim.
- c. Fimmtudaginn 6. júlí 2000 funduðu ákærðu með framkvæmdastjóra LÍÚ og ákváðu í lok fundar að fela varastjórn Úthafsolíu ehf. og hagdeildum félaganna að vinna að útreikningum og gera tillögur vegna óska LÍÚ.
- d. Föstudaginn 22. september 2000 funduðu Ragnar Bogason, starfsmaður Olúfélagsins hf., Jón Halldórsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf. og Friðrik Þ. Stefánsson, starfsmaður Skeljung hf., og ræddu viðbrögð félaganna við óskum

LÍÚ.

- e. Föstudaginn 29. september 2000 funduðu framangreindir starfsmenn félaganna með framkvæmdastjóra LÍÚ, en höfðu áður rætt sín á milli viðbrögð við hugsanlegum tilboðum sem LÍÚ hafði aflað hjá öðrum seljendum olíu.
- f. Miðvikudaginn 15. nóvember 2000 sendi Jón Halldórsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., tölvupóst til Kristjáns Kristinssonar, starfsmanns Olúfélagsins hf., og Friðriks Þ. Stefánssonar, starfsmanns Skeljungs hf., þar sem hann lagði til verð á olíu sem bjóða skyldi LÍÚ, eða ca. 380 USD/tonn, og lýsti afstöðu erlenda olíudreifingarfélagsins Malik til samkeppni um sölu á olíu á úthafinu og mögulegt fráhvarf frá tilboði þess fyrirtækis til LÍÚ.
- g. Föstudaginn 15. desember 2000 funduðu Kristján Kristinsson og Ragnar Bogason, starfsmenn Olúfélagsins hf., Jón Halldórsson, starfsmaður Olíuverzlunar Íslands hf., og Friðrik Þ. Stefánsson, starfsmaður Skeljungs hf., ræddu viðbrögð félaganna og Úthafsolíu ehf./OW Icebunker, við tilboði Malik til LÍÚ, ákváðu meðal annars, að félögin létu ekki hafa sig út í „verðslag“, gerðu ekki tilboð til LÍÚ, heldur ákveddu verð á olíu um næstu mánaðamót þar á eftir út frá sömu forsendum og áður og ræddu skýringar sem félögin ætluðu að gefa fjölmiðlum á mismun á listaverði þeirra og verði á olíu frá olíuskipti Malik.

27. Samráð um skipti á upplýsingum um magn selds eldsneytis

Á árunum frá 1995 til júní 1997 höfðu Olúfélagið hf., Olíuverzlun Íslands hf. og Skeljungur hf., og frá júní 1997 til ársloka 2001 hin tvö fyrstnefndu, fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra, á fyrrnefnda tímabilinu ákærðu allra en því síðarnefnda ákærðu Geirs og Einars, og undirmanna þeirra, með sér ólöglegt samráð í formi samninga og samstilltra aðgerða, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna, þegar þeir skiptust mánaðarlega á tölum um magn sölu félaganna á eldsneyti nýliðinn mánuð.

IV. Heimfærsla til refsíákvæða

Brot samkvæmt I. kafla ákæru.

Brot ákærðu samkvæmt 1. – 5. tölulið, teljast varða við a. lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44, 2005, sbr. c. lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 8, 1993, sbr. a. lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 107, 2000, um breytingu á samkeppnislögum, sbr. ennfremur, 1. mgr. 42. gr. laga nr. 44, 2005, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 8, 1993.

Brot samkvæmt II. kafla ákæru.

Brot ákærða Geirs, samkvæmt 7. tölulið, a, c, d, f og g stafliðum 8. töluliðar, 9. og 11. – 17. tölulið, brot ákærða Einars, samkvæmt 6. – 13. og 15. – 17. tölulið og brot ákærða Kristins, samkvæmt 6. – 7. tölulið, b og d – h stafliðum 8. töluliðar, 9., 10. og 12. – 17. tölulið, teljast varða við c. lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44, 2005, sbr. b. lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 8, 1993, sbr. c. lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 107, 2000, um breytingu á samkeppnislögum, sbr. ennfremur 1. mgr. 42. gr. laga nr. 44, 2005, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 8, 1993.

Brot samkvæmt III. kafla ákæru.

Brot ákærða Geirs, samkvæmt 18. tölulið, a – z, bb – ff og ii stafliðum 19. töluliðar, 20. – 21. tölulið, a – b og d – k stafliðum 22. töluliðar, a – d og f – h stafliðum 23. töluliðar og 26. – 27. tölulið, brot ákærða Einars, samkvæmt 18. tölulið, a – t og v – ii stafliðum 19. töluliðar, 20. – 27. tölulið og brot ákærða Kristins, samkvæmt 18. tölulið, a – j, n – r, t – cc, ee, og gg – ii stafliðum 19. töluliðar, b – d stafliðum 20. töluliðar, a – c og e stafliðum 21. töluliðar, a og c – k stafliðum 22. töluliðar, a – c, e – f og h stafliðum 23. töluliðar og 24. – 27. tölulið, teljast varða við a. lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44, 2005, sbr. a. lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 8, 1993, sbr. a. lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 107, 2000, um breytingu á samkeppnislögum, sbr. ennfremur 1. mgr. 42. gr. laga nr. 44, 2005, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 8, 1993.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar fyrir framangreind brot.

Skrifstofa Ríkissaksóknara, Reykjavík 12. desember 2006.

saksóknari